

Starfsáætlun 2024-2025



Leikskólar Kópavogs

Efnisyfirlit

1. Formáli	3
2. Inngangur	3
3. Leiðarljós leikskólans.....	4
Skólastarfið.....	4
4. Mat á skólastarfi.....	4
Innra mat leikskólans	4
Ytra mat.....	6
Umbótaáætlun	6
5. Áherslur í starfi leikskólans	6
Þróunar- og nýbreytnistarf.....	6
6. Foreldrasamstarf	7
Foreldraráð.....	7
Foreldrafélag	8
Starfsmannamál	8
Samsetning starfsmannahópsins	8
Skipulagsdagar	9
7. Aðrar upplýsingar	9
Fjöldi barna.....	9
Húsnæði og lóð	10
Skólaárið 2021 - 2022.....	10
Ósk um viðhald skólaárið 2022 – 2023	10
Öryggismál.....	10
8. Fylgigögn	11
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun.....	11
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun.....	11
Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal	11
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs.....	11

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Skólaárið 2023-2024 voru 98 börn innrituð í skólann að hausti en fjölgaði upp í 105 yfir veturinn. Allar deildirnar sex voru starfsræktar í fyrsta sinn í nokkur ár. Deildirnar eru Sjónarhóll og Esja á bláa gangi, Lundur og Askja á gula gangi og Dyngja og Perla á rauða gangi. Náíð samstarf var á bláa gangi en þar var unnið með flæði milli deilda eftir hádegi. Minna samstarf var á öðrum deildum skólans þetta árið. Aldursdreifing á deildum var misjöfn en það var allt frá því að vera þrír árgangar á deild yfir í aldurshreinar deildir sem er þvert á okkar stefnu.

Áfram var unnið eftir starfsaðferðum Reggio Emilia, lögð áhersla á samvinnu, lýðræðisleg vinnubrögð og að efla börnin til sjálfshjálpar.

Skólaárið 2024-2025 eru 104 börn innrituð í skólann. Nokkur breyting verður í aldursdreifingu í barnahópnum en á fjórum deildum verður aldursdreifingin þannig að það verða þrír árgangar á hverri deild. Hinar tvær deildirnar verða aldurshreinar en þar verða börn fædd 2023. Í júlí 2024 munu 23 elstu börn hætta og hefja grunnskólagöngu í haust en skólaárið 2024-2025 verða elstu börnin 12 talsins.

Skólaárið 2024-2025 verður lögð áhersla á samvinnu milli deilda því aldursdreifingin verður sú sama á hverjum gangi fyrir sig. Þetta mun gefa deildastjórum stuðning af hvor öðrum og auka félagaval hjá börnunum. Einnig verður lögð áhersla á að vinna og styrkja allar grunnstoðir skólans og valdefla starfsfólk.

3. Leiðarljós leikskólans

Skólastarfið

Í Austurkór viljum við að börnin sem útskrifast úr skólanum hafi öðlast færni í að vinna í hópi, hlusta á aðra, sýna virðingu og samhygð. Að börnin séu meðvituð um að þau séu virkir þegnar í þjóðfélaginu og hafi rödd sem heyrir. Þau séu atorkusöm og hafi úthald, seiglu og trú á eigin getu. Hornsteinar skólastarfsins endurspeglast í námslotum en skólaárinu er skipt upp í þrjár lotur og eru þær nefndar eftir gildum skólans – samvinna – lýðræði og atorka.

Starfsaðferðir skólans miða að því að börnin hafi áhrif á nám sitt, verkefnaval og skólaumhverfið. Samvinna er mikil á milli kennara og barna sem og í barnahópnum sjálfum og styður aldursblöndun deilda og flæðandi dagsskipulag við samkennd, umburðarlyndi, hlustun og jafningjaleiðsögn.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Innra mat veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Austurkór eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorfi foreldra.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrir fram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsþættir	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		x		x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur		x		x
Faglegt samstarf	x	x	x	x
Leikskólaþróun og símenntun		x		x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x		x	
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans		x		x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfsánægja		x		x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x		x	
Viðhorf foreldra	x		x	
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x		x	
Gagnaöflun og vinnubrögð	x		x	
Opinber birting og umræður	x		x	

Innra mat 2023-2024

Á vordögum 2024 var farið í heildarmat á námsþættinum sköpun og menning. Matið er byggt á viðmiðum/gátlistum sem unnir voru af nefnd á vegum Menntasviðs. Gagnaöflun var gerð með svipuðum hætti og árið 2022-2023. Matsteymi var sett saman í lok maí. Farið var inná allar deildir og ákveðnir þættir metnir út frá gátlistunum, einnig var rætt við starfsfólk um námsþáttinn.

Efnistöð matsins voru flokkuð niður í samverustundir, hvíld, líkamlega umhirðu, frjálsan leik, umhverfi, aðlögun, matartíma, ævintýraferðir, útiveru, sjálfstýrandi þing og kennaraping. Matsteymi skólans vann úr niðurstöðunum og kom með tillögur um úrbætur þar sem þess reyndist þörf.

Ytra mat

Skólapúlsinn lagði fyrir viðhorfskönnun meðal starfsmanna og fór hún fram í mars 2024. Skólanum hafa því miður ekki borist niðurstöður úr skólapúlsinum.

Vorið 2024 voru tekin starfsmannviðtöl við alla starfsmenn skólans. Þau voru framkvæmd af leikskólastjóra. Heilt yfir voru starfsmenn sáttir við þær breytingar sem höfðu átt sér stað innan starfsmannahóps skólans og jafnframt voru starfsmenn spenntir fyrir komandi vetri. Vel var fylgst með mætingu starfsmanna með svokölluðum Bradford lista og þeir starfsmenn sem þurftu á að halda kallaðir í viðtöl og frekari útbætur gerðar í samráði við starfsfólk. Þetta var allt gert með velferð á vinnustað í huga sem Kópavogsbær hefur innleitt.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Austurkór er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

5. Áherslur í starfi leikskólans

Þróunar- og nýbreytnistarf

Deildastjórar og starfsfólk munu setja inn í starfsáætlun deildarinnar fjölbreytt verkefni er snúa að menningu og fjölbreytileika þeirra barna og starfsfólks sem eru á deildinni. Þannig stuðlum við að fjölmenningarlegu samfélagi og inngildingu í skólanum. Ábyrgðaraðilar eru deildastjórar og verklok eru í nóvember 2024.

Sérgreinastjóri mun skipuleggja stundir í útiveru sem munu nýta betur þau svæði sem lóðin býður upp á. Stundirnar munu tengjast lotunum okkar alveg eins og kennarapíngin og því tengjast að einhverju leyti þeim verkefnum sem unnið er að í kennarapíngi. Starfsfólk skólans mun svo sinna þessum stundum í útiveru. Ábyrgðaraðili er sérgreinastjóri og verklok eru í lok september 2024 fyrir haustönn og lok janúar 2025 fyrir vorönn.

Deildastjórar og starfsfólk mun setja niður í hverjum mánuði plan fyrir ævintýraferðir og gefst þá tækifæri á að tengja þær við verkefni sem er verið að vinna á deildunum. Þannig er líka hægt að ákveða hversu stór hópur fer í hverja ferð og bjóða upp á mismunandi upplifanir. Ábyrgðaraðilar eru deildastjórar og er unnið fyrir lok hvers mánaðar.

Sérgreinastjóri fer með þrjá hópa í viku af börnum á eldri deildum í HK húsið í markvissa hreyfingu. Einnig er hann með hreyfistundir í flæði um þrisvar í viku á eldri deildunum. Á yngri deildunum verður jóga/hreyfistund í hverri viku sem starfsfólk deildanna sér um. Ábyrgðaraðilar eru sérgreinastjóri og deildastjórar yngri deilda. Verklok eru í júní 2025.

Deildastjórar og starfsfólk munu setja inn í starfsáætlun deildarinnar fjölbreyttar tónlistastundir þar sem markmiðið er að kynna þau fyrir músikölskum samskiptum eins og fjölbreyttri tónlist, hljóðfærum og tónum ásamt því að efla virka hlustun og næmni þeirra fyrir hljóðum því það eykur félagslegan og tónlistalegan þroska þeirra. Tónlist í allri sinni mynd eykur jafnframt orðaforða og eflir málþroska. Ábyrgðaraðilar eru deildastjórar og verklok eru í nóvember 2024.

Haldið verður áfram með svokallaða „Hljómsveit“ sem sett var á laggirnar haustið 2022. Í Hljómsveitinni er næst elsti árgangur leikskólans hverju sinni. Hópurinn mun áfram hittast einu sinni í viku. Aðaláherslan er á málörvun, að efla orðaforða, hlustun, máhljóð, rím og samsett orð. Einnig verður unnið með tölur og talnaskilning. Hljómsveitin hefur skilað góðum árangri seinustu ár. Ábyrgðaraðili sérkennslustjóri. Verklok eru í júní 2025.

Byrjað verður að vinna með orðaþemu haustið 2024 til að efla orðaforða barnanna. Hvert þema stendur yfir í tvær vikur samfleytt. Starfsfólk er þá meðvitað um hvaða þema er hverju sinni og er duglegt að nota orðaforða því tengdu í samveru og öllu daglegu starfi. Starfsmenn geta nálgast myndabanka í tengslum við hvert þema og notað inni á deildum. Einnig er hægt að nálgast bækur og málörvunarverkefni tengt þemanu. Ábyrgðaraðili deildastjórar. Verklok eru í júní 2025.

Haldið verður áfram með flæði sem ákveðinn sérkennari heldur utan um. Þar verður sagðar sögur, búið til sögur, sungið saman lög, vísur og þulur og búið til leikrit. Markmiðið er að hafa gaman, auðga ímyndunaraflíð, auka orðaforða og efla málþroska barnanna. Þessar stundir verða í boði á bláa og gula gangi þrisvar í viku. Ábyrgðaraðili er sérkennari. Verklok eru í júní 2025

6. Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf er afar mikilvægt og til að gott samstarf sé á milli heimilis og skóla þarf að skapa tengsl sem einkennast af trausti, virðingu og hlustun. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að í Austurkór ríki heimilislegt andrúmsloft. Við teljum að þannig andrúmsloft skapist með trausti, virðingu, samtali og sameiginlegum ákvörðunum um starf skólans.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans.

Í skólanum er starfandi foreldrafélag og foreldraráð.

Foreldraráð

Hlutverk foreldraráðs er að koma á framfæri skoðunum foreldra varðandi skólastarfið, skipulag og áhersluþætti námsins. Foreldraráð gefur umsagnir um ýmsar áætlanir og hefur áhrif á stefnumótun skólans. Foreldraráð er skipað þremur foreldrum ásamt leikskólastjóra og eru starfsreglur foreldraráðsins aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Hlutverk foreldrafélagsins er að vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í Austurkór, skipuleggja foreldrastarfið og standa fyrir ýmsum viðburðum sem auðga leikskólalífið. Foreldrafélagið er í góðum samskiptum við stjórnendur og skipuleggja saman ýmsa þætti í skólasamfélaginu.

Starfsmannamál

Samsetning starfsmannahópsins

Skólaárið 2024-2025 er gert ráð fyrir 17,27 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 50% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 75% stöðu sérkennslustjóra og 200% stöðugildi í eldhúsi. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma, skóla hjá starfsfólki og sérkennslu barna.

Deildarstjóri er yfirmaður hverrar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna. Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs og er það skemmtileg og góð viðbót við starfsmannahópinn á sumrin.

Starfsmannahópurinn er fjölbreyttur. Í skólanum starfa uppeldis- og menntunarfræðingur, starfsfólk með aðra háskólamenntun, leiðbeinendur, þroskaþjálfari, leikskólaliðar auk leikskólakennara. Í skólanum eru þrír starfsmenn sem stunda nám í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands og tveir við Háskólann á Akureyri. Einnig eru tveir starfsmenn sem fara á námskeiðið Deildastjórinn sem faglegur leiðtogi í leikskólastarfi hjá Menntafléttunni.

Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna eftir því sem mögulegt er. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórdá hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn ef um námsferð erlendis er að ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

1. Föstudagurinn 6. september – starfsmenn fara á skyndihjálparnámskeið og fá ýtarlega fræðslu um kennsluaðferðir og námsefni sem lagt er áhersla á í skólanum. Eftirfylgni mun eiga sér stað á starfsmannafundi í október.
2. Miðvikudaginn 13.nóvember – starfsmenn fá fyrirlestur um réttindi barna, lögbundnar skyldur starfsfólks og hlutverk barnaverndarþjónustunnar. Einnig verður haldið áfram með vinnu frá fagfundum haustannar um útinám og sjálfsprottinn leik.
3. Fimmtudagurinn 2. janúar - lagt verður mat á starf haustannar 2024 og vorönn 2025 verður undirbúin.
4. Miðvikudagurinn 12.mars – unnið verður að nýrri skólanámskrá.
5. Föstudagurinn 16. maí – haldið verður áfram með skólanámskrá ásamt því að endurmeta vorönn 2025, undirbúa sumardagskrá og huga að haustinu.

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau.

7. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna

Haustið 2024 eru 104 börn skráð í leikskólann. Til stendur að fjölga þeim eins og frekast er unnt þegar stöðuleika hefur verið náð.

13 börn eru fædd 2019, 24 börn fædd 2020, 28 börn 2021, 15 börn fædd 2022 og 24 börn fædd 2023.

Fjögur börn eru með 9 stunda dvalartíma á dag, 18 börn eru með 8,5 stunda dvalartíma á dag, 7 börn eru með 8,25 stunda dvalartíma á dag, 31 barn eru með 8 stunda dvalartíma á dag, 2 börn með 7,75 stunda dvalartíma á dag, 5 börn með 7,5 stunda dvalartíma á dag, 2 barn með 7,25 stunda dvalartíma á dag, 8 börn eru með 7 stunda dvalartíma á dag, 1 barn með 6,75 stunda dvalartíma á dag, 2 börn með 6,25 stunda dvalartíma á dag og 24 börn með 6 stunda dvalartíma.

Næsta vetur verða 11 ÍSAT börn og 11 tvítyngd börn við skólann.

Sérkennsla: Þetta skólaárið eru tvö börn sem tilheyra 2. flokki, þrjú börn tilheyra 3. flokki og 20 börn tilheyra 4. flokki, samtals er um að ræða 12 stundir.

Húsnæði og lóð

Skólaárið 2023 - 2024

Keypt var ný þvottavél haustið 2023 eftir að gamla vélin gaf upp öndina. Settar voru upp geymsluhillur í listasmiðju til að halda betur utan um allan efnivið. Einnig voru settir upp skápar í matsal fyrir spil og bækur. Nokkrir veggir á Sjónarhóli og Perlu voru sparslaðir upp á nýtt og málaðir því þeir voru illa farnir eftir seinasta vetur.

Enn er verið að vinna í að laga leka frá útihurð við Sjónarhól svo hægt sé að klára að laga gólfíð fyrir framan hurðina. Bætt var við sófa á gula gangi og hillur keyptar inn á deildir ásamt hillum fyrir einingakubba.

Gólf voru bónuð sumarið 2023 og verður aftur bónað sumar 2024.

Ýmislegt er enn í ólagi á lóð skólans, svo sem grasfletir, gúmmihellur, hellulögn og vöntun á leiktækjum fyrir yngri börn. Það er búið að biðja um að laga þessa hluti og eru þeir í langtíma ferli.

Ósk um viðhald skólaárið 2024 – 2025

Seinustu ár hefur verið óskað eftir fleiri leiktækjum á lóðina sem henta ungum börnum. Ljóst er að aldurssamsetning barna seinustu skólaár er með þeim hætti að skólalóðin þjónar ekki nægjanlega vel þeirra þörfum. Einnig er búið að óska eftir betri skiptiaðstöðu á tveimur deildum þar sem barnahópurinn er orðinn yngri og meira um bleiuskipti.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við VÍS.

Skólaárið 2023-2024, (ágúst – ágúst) urðu 10 slys í skólanum, þar af níu á börnum og eitt hjá starfsmönnum. Öll slysin eru flokkuð sem minniháttar.

8. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 Umbótaáætlun						
Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Vera með markvissari verkefni sem tengjast mismunandi menningu og fjölbreytileika svo sem mat, hefðum, þjóðfánum og tónlist.	Endurmat á námsþættinum sköpun og menning	Deildastjórar og starfsfólk munu setja inn í starfsáætlun deildarinnar fjölbreytt verkefni er snúa að menningu og fjölbreytileika þeirra barna og starfsfólks sem er á deildinni. Þannig stuðlum við að fjölmenningslegu samfélagi og inngildingu í skólanum	Verklök eru í nóvember 2024	Deildastjórar	Að ólík menning sé sýnileg á deildunum í skólanum.	Nú þegar er unnið mest með þjóðfána og tónlist en við megum gera betur og einnig bæta við tónlist, mat og hefðum.
Skipuleggja betur útiveru í tengslum við verkefni og efnivið. Nýta betur öll svæði á lóðinni.	Endurmat á námsþættinum sköpun og menning	Sérgreinastjóri mun skipuleggja stundir í útiveru sem munu nýta betur þau svæði sem lóðin býður upp á. Stundirnar munu tengjast lotunum okkar alveg eins og kennarabíngin og því tengjast að einhverju leyti þeim verkefnum sem unnið er að í kennarabíngi. Starfsfólk skólans mun svo sinna þessum stundum í útiveru.	Verklök eru í lok september 2024 fyrir haustönn og lok janúar 2025 fyrir vorönn	Sérgreinastjóri	Að plan frá sérgreinastjóra sé til staðar og að stundirnar fái fastan tíma í vikunni og séu framkvæmdar af starfsfólki skólans.	Í útiveru er meira um frjálstan leik þó svo að starfsfólk sé duglegt að koma með stundir inn á milli þá eru þær ekki mikið ígrundaðar eða markvissar.
Fleiri skipulagðari ævintýraferðir sem mætti til dæmis tengja við verkefni sem að unnin eru inn á	Endurmat á námsþættinum sköpun og menning	Deildastjórar og starfsfólk mun setja niður í hverjum mánuði plan fyrir ævintýraferðir og gefst þá tækifæri á að tengja þær við verkefni sem er verið að vinna á deildunum. Þannig er líka hægt að ákveða	Unnið fyrir lok hvers mánaðar. Verklök júní 2025	Deildastjórar	Að mánaðarplan sé til staðar á hverri deild og hægt sé að sjá frá ferðunum í	Farið er í ævintýraferðir en þær mættu vera markvissari.

deildum. Huga þarf jafnframt að því að bjóða upp á mismunandi upplifanir.		hversu stór hópur fer í hverja ferð og bjóða upp á mismunandi upplifanir.			vikuswayi deildanna.	
Nýta tónlist og hljóðfæri betur og hafa fjölbreyttari tónlist.	Endurmat á námsþættinum sköpun og menning	Deildastjórar og starfsfólk munu setja inn í starfsáætlun deildarinnar fjölbreyttar tónlistastundir sem þar sem markmiðið er að kynna þau fyrir músikölskum samskiptum eins og fjölbreyttri tónlist, hljóðfærum og tónum ásamt því að efla virka hlustun og næmni þeirra fyrir hljóðum því það eykur félagslegan og tónlistalegan þroska þeirra. Tónlist í allri sinni mynd eykur jafnframt orðaforða og eflir málþroska.	Verklok eru í nóvember 2024	Deildastjórar	Hægt sé að sjá í starfsáætlun deildanna skipulag á tónlistarstundum fyrir deildina. Einnig að hægt sé að sjá í vikuswayum eða skráningum frá þessum stundum.	Starfsfólk er duglegt að syngja og spila tónlist með börnunum. Hljóðfærin eru þó lítið notuð og þarf að bæta inn í þessar stundir.
Hafa fleiri skipulagðar hreyfistundir í skólanum og mætti nýta matsalinn og fleiri svæði betur í það.	Endurmat á námsþættinum sköpun og menning	Sérgreinastjóri fer með þrjá hópa í viku af börnum á eldri deildum í HK húsið í markvissa hreyfingu. Einnig verður hann með hreyfistundir í flæði þrisvar í viku á eldri deildunum. Á yngri deildunum verður jóga/hreyfistund í hverri viku sem starfsfólk deildanna sér um. Ábyrgðaraðilar eru sérgreinastjóri og deildastjórar yngri deilda.	Verklok eru í júní 2025	Sérgreinastjóri og deildastjórar yngri deilda	Hægt verður að sjá plan yfir hreyfistundir og jógastundir. Einnig verður hægt að sjá frá þessum stundum í vikuswayum.	Deildarnar eru duglegar að vera með hreyfistundir en þær mættu vera miklu markvissari.
Efla málörvun, orðaforða, hlustun, máhljóð, rím og samsett orð hjá næst elstu börnum skólans.	Endurmat á námsþættinum læsi og samskipti	Haldið verður áfram með svokallaða „Hljómsveit“ sem sett var á laggirnar haustið 2022. Í Hljómsveitinni er næst elsti árgangur leikskólans hverju sinni. Hópurinn mun áfram hittast einu sinni í viku. Aðaláherslan er á málörvun, að efla orðaforða, hlustun, máhljóð, rím og	Verklok eru í júní 2025	Ábyrgðaraðili sérkennslustjóri.	Endurmat á vori frá sérkennslustjóra.	Hljómsveitin fer vel af stað nú í haust og er búið að setja upp vikulega tíma fyrir börnin.

		samsett orð. Einnig verður unnið með tölur og talnaskilning. Hljómsveitin hefur skilað góðum árangri seinustu ár.				
Auka málskilning, orðaforða og efla málþroska barnanna.	Endurmat á námsþættinum læsi og samskipti	Byrjað verður að vinna með orðaþemu haustið 2024 til að efla orðaforða barnanna. Hvert þema stendur yfir í tvær vikur samfleytt. Starfsfólk er þá meðvitað um hvaða þema er hverju sinni og er duglegt að nota orðaforða því tengdu í samveru og öllu daglegu starfi. Starfsmenn geta nálgast myndabanka í tengslum við hvert þema og notað inni á deildum. Einnig er hægt að nálgast bækur og málörvunarverkefni tengt þemanu.	Verklok eru í júní 2025.	Ábyrgðaraðili deildastjórar.	Endurmat deilda og endurmat á starfsáætlun deilda.	Það er verið að vinna með orðaforða í hinum ýmsu stundum t.d í samveru, flæði, hljómsveitinni, með elstu börnum, með Lubba og í starfinu almennt. Okkur langar þó að gera enn betur og vera með þemu markvisst yfir árið. Þannig náum við að fara inn á ólíkan orðaforða í samfélagi barnsins.
Markmiðið er að hafa gaman, auðga ímyndunaraflíð, auka orðaforða og efla málþroska barnanna.	Endurmat á námsþættinum læsi og samskipti	Haldið verður áfram með flæði sem ákveðinn sérkennari heldur utan um. Þar verður sagðar sögur, búið til sögur, sungið saman lög, vísur og þulur og búið til leikrit. Þessar stundir verða í boði á bláa og gula gangi þrisvar í viku.	Verklok eru í júní 2025	Ábyrgðaraðili er sérkennari	Endurmat sérkennara á flæði.	Þessi stund er viðbót inn í flæðið á bláa og gula gangi þar sem börnin fá að nota ímyndunaraflíð, efla orðaforða og málþroska í gegnum sögur, söng og leikrit. Þessi stund slær alltaf í gegn og er eitthvað sem við viljum vinna áfram með.

Fylgiskjal 2 Símenntunaráætlun						
Pátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í viku	Unnið á vinnutíma	Deildarstjórar
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða ræða starfið á deildinni, koma með ábendingar og ræða á persónulegum nótum við sinn næsta yfirmann.	Nóvember 2024	15-30 mín pr. starfsmann	Unnið á vinnutíma	Deildarstjórar
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í starfi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	Febrúar til apríl 2025	15-30 mín pr. starfsmann	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina, skólanámskrá, heimasíðu og fleira efni sem nýtist nýjum starfsmanni	1x mánuði	30-40 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Mentor viðkomandi starfsmanns.
Allt starfsfólk	Starfsmannafundir: Samráð, fræðsla, endurmat	Þetta hópinn, stilla strengi, styrkja faglegt starf og faglega stefnu	Annan hvorn mánuð frá ágúst til júní	2 klst í senn	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	2 x á önn	2 klst í senn	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Skyndihjálparnámskeið. Kynning og upprifjun á starfsaðferðum svo sem flæði og kennarapíngi. Hópefli til að hrista saman hópinn.	6. september.	8 klst	Unnið á vinnutíma. Námskeið frá. Kr: 50.000	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Fyrirlestur um réttindi barna, lögbundnar skyldur starfsfólks og hlutverk barnaverndarþjónustu. Haldið áfram með vinnu frá fagfundum haustannar um útinám og sjálfsprottinn leik.	13. nóvember.	8 klst	Unnið á vinnutíma. Námskeið frá Kópavogsbæ.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Gert verður endurmat á starfi haustannar 2024 ásamt því að skipuleggja vorönn 2025	2. janúar	8 klst	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Unnið að nýrri skólanámskrá	12. mars	8 klst	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Unnið áfram að nýrri skólanámskrá ásamt því að endurmeta vorönn 2025 og skipuleggja sumardagskrá og huga að haustinu.	16. maí	8 klst	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Deildastjórar og aðrir stjórnendur skólans	Deildarstjórafundir	Faglegar umræður, skipulag starfsins og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	1 klst	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Sérkennarar	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengd starfinu	1x í viku	1 klst	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri
Aðstoðarleikskólastjóri	Aðalfundur foreldrafélagsins	Foreldrafélagið skiptir verkum á milli stjórnarmeðlima. Línur lagðar fyrir veturinn	október	2 klst	Unnið utan hefðbundins vinnutíma	Leikskólastjóri
Leikskólastjóri	Aðalfundur foreldraráðs	Setja línurnar með nýju ráði fyrir veturinn	október	1 klst	Unnið utan hefðbundins vinnutíma	Leikskólastjóri

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2024 - 2025

Leikskólinn Austurkór

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ
1 F	1 S	1 Þ Foreldravéttí í þessum mánuði	1 F	1 S Fulveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 L	1 Þ Foreldravéttí í þessum mánuði	1 F Venjulegisdagurinn	1 S
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F Skipulagsdagur	2 S	2 S	2 M Einstakur Apríl	2 F	2 M Stjórnunardagurinn
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M Boludagur/Foreldrasamtíð hefst í mars	3 F Starfsmannafundur	3 L	3 Þ Óskrifar samtíð í þessum mánuði
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ Sprengidagur	4 F	4 S	4 M
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M Austurkór 11 ára	5 M Óskudagur	5 L	5 M	5 F
6 Þ	6 F Skipulagsdagur	6 S	6 M Fagfundur	6 F Jóladaurinn máls	6 M Þrettánda kaffi-morgunkaffi	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 S	6 Þ Óskrifarferð elstu barna	6 F
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L
8 F Leikskólinn opnar kl:13 eftir sumarfrí	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 S	8 M Lyðræðislotu hefst	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S Hvítasunnudagur
9 F	9 M Samvinnulota hefst	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M Annar í hvítasunnu
10 L	10 Þ	10 F Starfsmannafundur	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 M
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M Skipulagsdagur	12 L	12 M	12 F Sumarhátíð
13 Þ	13 F	13 S	13 M Skipulagsdagur	13 F	13 M	13 F Starfsmannafundur	13 F	13 S Þéttmasunnudagur	13 Þ	13 F
14 M	14 L	14 M Blekur dagur	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F Starðfræðimarkaðsdráðislotu lok	14 M Þáskaleyfi	14 M	14 L
15 F	15 S	15 Þ	15 F Samvinnulota klárast	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ Þáskaleyfi	15 F	15 S
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M Þáskaleyfi	16 F Skipulagsdagur	16 M
17 L	17 Þ Fagfundur	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 F Skírdagur	17 L	17 Þ Ljúðveldisdagurinn
18 S	18 M	18 F	18 M Jólasmíða byrjar	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F Föstudagurinn langi	18 S	18 M
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 M	19 F	19 F Hóladaurinn máls
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F Dagur mannténda barna	20 F	20 M	20 F	20 S Þáskadagur	20 Þ	20 F
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M	21 M	21 L
22 F Starfsmannafundur	22 S	22 Þ	22 F	22 L	22 M	22 L	22 L	22 M	22 F	22 S
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M
24 L	24 Þ	24 F Vetrarfrí	24 S	24 Þ	24 F	24 M	24 M	24 F	24 L	24 Þ
25 S	25 M	25 F Vetrarfrí	25 M	25 L	25 F	25 Þ	25 Þ	25 F	25 S	25 M
26 M	26 F	26 L	26 M	26 F	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 F	27 M	27 F	27 S	27 Þ	27 F
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L
29 F	29 S	29 Þ	29 M	29 F	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 F	29 S
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F	30 M
31 L		31 F	12. ma	31 Þ	31 F		31 M		31 L	

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs leikskólans Austurkórs um starfsáætlun leikskólans 2024-2025

Inngangur

Umsögn þessi er unnin með vísan til 2. mgr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008, þar sem fram kemur að hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Í foreldraráði leikskólans Austurkórs sitja Hrefna Þórsdóttir og Ólög Stefánsdóttir.

Mat á skólastarfi

Vorið 2024 fór fram innra og ytra mat á starfsemi leikskólans. Í starfsáætluninni er sett fram umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðu matsins. Umbótaáætlunin er góð og leitast við að bæta leikskólastarfið. Lögð er m.a. áhersla á útiveru og hreyfingu, en skipuleggja á betur útiveru í tengslum við verkefni sem unnin eru inni á deildum og efnivið auk þess að skipuleggja á fleiri ævintýraferðir sem tengdar eru við verkefni sem unnin eru inni á deildum. Einnig á að skipuleggja fleiri hreyfistundir í leikskólanum og lagt til að nýta mætti matsalinn og fleiri svæði í það. Gert er ráð fyrir að sérgreinastjóri fari með þrjá hópa í viku af börnum á eldri deildum í HK húsið í markvissa hreyfingu. Foreldraráðið fagnar þessu, en bent var á í síðustu umsögn foreldraráðs að ráðinu hefur þótt það ókostur að ekki sé hreyfisalur í leikskólanum eins og er að finna á sumum leikskólum.

Áherslur í starfi leikskólans

Ákveðið hefur verið að deildastjórar og starfsfólk muni setja inn í starfsáætlun deildarinnar fjölbreytt verkefni sem snúa að menningu og fjölbreytileika þeirra barna og starfsfólks sem eru á deildinni. Þannig sé stuðlað að fjölmenningslegu samfélagi og inngildingu í skólanum, sem er frábært að heyra og foreldraráðið styður. Unnið verður áfram með „hljómsveit“ sem sett var á laggirnar haustið 2022 og hefur gengið vel. Nýtt verkefnið er svokallað „orðapema“ sem byrjað verður að vinna með haustið 2024 til að efla orðaforða barnanna. Hvert þema stendur yfir í tvær vikur samfleytt. Starfsfólk er þá meðvitað um hvaða þema er hverju sinni og er duglegt að nota orðaforða því tengdu í samveru og öllu daglegu starfi. Starfsmenn geta nálgast myndabanka í tengslum við hvert þema og notað inni á deildum. Verkefnið mun vafalaust efla orðaforða barnanna, það verður spennandi að sjá hvernig börnunum mun líka við orðapemað.

Foreldrasamstarf

Í starfsáætluninni er rakið mikilvægi foreldrasamstarfs og að í skólanum sé rekið foreldrafélag og foreldraráð og hlutverk þeirra. Það hefði mátt nefna hvenær foreldrafundir eru áætlaðir á starfsárinu. Foreldraráðið hefur bent á þetta atriði í síðustu tveimur umsögnum (árin 2022 og 2023) án þess að bætt hafi verið úr í næstu starfsáætlun.

Starfsmannamál

Gefið er yfirlit yfir starfsmannahóp leikskólans, þ.e. fjölda stöðugilda á deildum og menntun starfsmanna. Í inngangi starfsáætlunarinnar segir að allar deildir leikskólans séu nú starfræktar í leikskólanum í fyrsta sinn í nokkur ár, sem er mikið fagnaðarefni. Gott er að sjá hversu vel hefur gengið að ráða inn nýtt starfsfólk.

Aðrar upplýsingar

Góðar upplýsingar eru gefnar um fjölda barna og aldur þeirra við skólann. Farið er yfir hvaða viðgerðir og umbætur áttu sér stað skólaárið 2023-2024 og bent á að ýmislegt sé enn í ólagi á lóð skólans sem Kópavogsbær þarf að bæta úr. Bent er á að leiktæki vanti sem henti ungum börnum og óskað er eftir þeim. Leikskólinn hefur bent á þetta atriði í starfsáætlun frá a.m.k. 2022 og er nú orðin brýn þörf á að brugðist sé við þar sem börn undir 2ja ára aldri eru um 40% hluti allra barna við skólann, líkt og átti við árið 2022. Bæta þarf einnig úr skiptiaðstöðu á tveimur deildum vegna fjölda ungra barna á leikskólanum.

Lokaorð

Heilt yfir er starfsáætlunin vel unnin og lýsir ágætlega því starfi sem framundan er.

Kópavogur, 23. september 2024.



Hrefna Þórsdóttir



Ólöf Stefánsdóttir